

## GJALDSKRÁ

**fyrir búfjárefirlit í Grundarfjarðarbæ.**

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 5.000 á klukkustund.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af hlutað-eigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður á ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferða-kostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitar-félagsins ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður í bæjarstjórn Grundar-fjarðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. mars 2006.*

**Guðni Ágústsson.**

Atli Már Ingólfsson.